



Hjúkrunarheimilið

Lögmanshlíð og Eden

hugmyndafræðin

Klara Jenný H. Arnbjörnsdóttir
Deildarstjóri Lögmanshlíð

Lögmanshlíð er fyrsta hjúkrunarheimilið á Íslandi sem hannað er í anda Eden-hugmyndafræðinnar. Rík áhersla er lögð á að hverfa frá stofnanabrag og skapa heimilislegt umhverfi í samvinnu við íbúa og aðstandendur. Eins er það mjög mikilvægt er að skapa innihaldsríkt líf og gefa íbúum tækifæri til að dafna sem einstaklingar þrátt fyrir heilsuleysi af einhverju tagi.

Lögmanshlíð er glæsilegt hjúkrunarheimili á Akureyri en það var tekið í notkun 26. september 2012. Hér búa að jafnaði 45 íbúar á 5 stórum heimilum þar sem hvert og eitt samanstendur af 9-10 íbúum. Hvert heimili er tiltölulega fámennt og því auðveldara að skapa góðan heimilisanda. Nöfn heimilanna hafa sögulega merkingu en þau heita Árgerði, Bandagerði, Kollugerði, Melgerði og Sandgerði. Í miðrými hússins er samkomusalur, félagsstarf, iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun og því óhætt að segja að allt sé til alls á þessu frábæra heimili.



Á Edenheimili líkt og þessu ríkir samkennd, hjartahlýja og virðing. Þar er lífið innihaldsríkt og gefandi fyrir íbúa og starfsfólk. Umhverfið er heimilislegt með persónulegum munum sem geyma góðar minningar og eiga íbúar að hafa tækifæri til að taka virkan þátt í daglegu lífi eins lengi og áhugi og geta leyfir. Eden hugmyndafræðin hefur verið yfirlýst stefna ÖA frá árinu 2009 og höfum við unnið að innleiðingu hennar. Nú er komið að því að sækja um alþjóðlega viðurkenningu sem Eden heimili en í því ferli felst mikil en skemmtileg vinna sem okkur ber að viðhalda. Mikilvægur þáttur í þessu umsóknarferli tengist samvinnu okkar við börn og dýr.

Heimilisdýrin hér í Lögmanshlíð eru af ýmsum stærðum og gerðum en hér má m.a. finna kisuna Ynju, kanínurnar Depil og Bollu, fiska af ýmsum gerðum, páfagauka og dísarfuglinn Gullý. Kettir eru nauðsynlegur hluti af Eden hugmyndafræðinni en þeir gefa frá sér mikla hlýju og mal þeirra bræðir öll hjörtu. Það gleður marga íbúa að fá Ynju í heimsókn þó hún geri oft ekki annað en að fá sér lúr í sófa íbúans. Gott er að nefna það að fólk sem

hafði ofnæmi t.d. fyrir köttum á unga aldri, sýnir á efri árum ekki lengur þessi ofnæmisviðbrögð. Ónæmiskerfi líkamans getur einfaldlega ekki lengur framkallað þessi viðbrögð hjá flestum þeirra sem dvelja á hjúkrunarheimilum og með réttum vinnuáferðum og þrifum er hægt að minnka áhættuna á ofnæmi af völdum dýra. Fuglar eru einnig hluti af umhverfinu og gleðja þeir íbúa, starfsfólk og aðra gesti með söngvum sínum. Íbúarnir njóta þeirra í ríkum mæli og aðstoða gjarnan við umhirðu þeirra og fóðurgjöf. Gullý er sannarlega vinur allra og situr oft á öxl íbúa eða nartar í cheerios við matarborðið.



Í sumar vorum við svo heppin að fá að taka að okkur tvo heimalinga og vakti það mjög mikla lukku. Íbúar höfðu svo sannarlega skiptar skoðanir á þessum nýju gæludýrum Lögmannshlíðar og skapaði þetta miklar umræður sem stóðu yfir í allt sumar. Mikil ánægja var að fá að taka þátt í fóðurgjöf þessara heimalinga og var það mikil ábyrgð að fá að gefa þeim pela 4x á dag. Eins vakti

það mikla lukku að fá lömbin í fangið og sitja úti í góða veðrinu og horfa á þau jarma og leika sér.

Mikil samvinna hefur verið við öll skólastigin í hverfinu en grunnskóli og leikskóli eru í göngufæri við heimilið. Börn úr leikskólum, krakkar úr Frístund Síðuskóla og unglingar í 8.-10. bekk Síðuskóla koma reglulega í heimsókn og njóta góðra samvista með íbúum Lögmannshlíðar. Hlátur þeirra, söngur og leikir verka sem öflugt lyf á íbúana og er þörf íbúanna fyrir þennan félagsskap mikil. Saman spila þau keilu, bingó, fara í pokakast, leikfimi og ýmislegt fleira sem gleður stór og lítil hjörtu.



Rík áhersla er lögð á félagslegar þarfir íbúa Lögmannshlíðar og vel hefur tekist að stuðla að virkri þátttöku þeirra. Nýverið var komið á svokölluðum húsfundum en tilgangurinn með þeim er að virkja íbúa og aðstandendur til þátttöku í heimilislífinu og færa ákvarðanatökur meira til þeirra. Með því er hægt að útrýma vanmáttarkennd og einmanaleika



sem eru helstu plágur öldrunarheimila ásamt leiða. Eden hugmyndafræðin hefur það að leiðarljósi að skapa samfélag þar sem atburðir gerast óundirbúnir eða óvænt. Óundirbúinn atburður getur verið að steikja kleinur, vegna þess að einhvern langaði einfaldlega í kleinur. Þá eru kleinur steiktar þrátt fyrir að sá atburður hafi ekki verið á „dagskrá“.

Nú taka íbúar sig meira saman og ákveða hvað þau vilji gera skemmtilegt til að brjóta upp hversdagsleikann og njóta augnabliksins. Þær hugmyndir sem upp hafa komið eru mjög fjölbreyttar og skemmtilegar. Panta pítu í kvöldmatinn, kaupa kjöt á beini til að elda saman, leigja bíómynd og fá sér ís með, fara saman í bíltúr, fá listamenn til að koma oftar að syngja og spila fyrir okkur og jafnvel hafa rauðvín með sunnudagssteikinni. Allt þetta hefur mikið gildi fyrir íbúana og bara það að eiga hugmyndina sem framkvæmd er hverju sinni gefur einstaklingi sjálfstæði og gleði.

Mikil umræða hefur verið í gangi varðandi það að fjölga enn frekar samverustundum hjá íbúum Lögmanshlíðar og aðstandendum þeirra. Við reynum að nýta alla viðburði til þess sérstaklega núna þegar styttist í jólamánuðinn t.d. skreyta jólatrén inni á hverju heimili og fá barnabörn eða barnabarnabörn til aðstoðar, baka smákökur í desember, fara í laufarbrauðsgerð og margt fleira. Mikil þörf er fyrir stuðning fjölskyldunnar þegar aldurinn færast yfir og heilsan brestur en heimsóknir aðstandenda stytta daginn, veita styrk og efla fjölskyldutengslin. Aðstandendur eru alltaf velkomnir og er þátttaka og samvinna þeirra vel þegin.



Ekki má gleyma föstum uppákomum í Lögmanshlíð þar sem íbúar og aðstandendur koma saman og má þar meðal annars nefna Eden kaffi, kráarkvöld og þorablót. Þá kemur tónlistarfólk í sjálfböðavinnu og heldur uppi fjörinu á meðan íbúar, starfsfólk og aðstandendur borða saman, spjalla og taka sporið. Til að tryggja lífsgæði íbúanna hér í Lögmanshlíð er mikilvægt að stuðla að því að þeir hafi eitthvað fyrir stafni og geti haldið áfram að fást við það sem hefur veitt þeim ánægju.